

Menningaraðlögun erlends vinnuafls frá Póllandi: Ísland sem áfangastaður

Gunnar Óskarsson og Sabit Veselaj¹

Ágrip

Í byrjun þessarar aldar tók lýðfræðileg samsetning íbúa á Íslandi töluverðum breytingum með auknum fjölda innflytjenda, einkum frá Póllandi. Þessi breyting féll vel að uppsveiflu í efnahagslífinu á Íslandi, því til að mæta auknum þörfum um vinnuafl þurfti í vaxandi mæli að sækja starfskrafta erlendis frá. Að sama skapi opnuðust tækifæri fyrir Pólverja að velja Ísland sem áfangastað, en vegna aukins frjálsræðis stóðu þeir í vaxandi mæli í búferlaflutningum. Markmið þessarar rannsóknar er að öðlast innsýn í umfang pólskra innflytjenda á Íslandi og þætti sem hafa áhrif á aðlögun þeirra að íslensku samfélagi og vinnumarkaði. Á grundvelli heimildarýni var sérstök áhersla lögð á að skoða ástæður þess að innflytjendur yfirgefa heimaland sitt, heildaraðlögun þeirra og mikilvægustu þætti í aðlögunarferlinu. Í rannsókninni var annars vegar stuðst við opinber gagnasöfn um erlent vinnuafl á Íslandi og helstu löndum þar sem brottfluttir Pólverjar eru búsettir. Hins vegar var framkvæmd könnun meðal 405 pólskra starfsmanna á Íslandi árið 2010 og fengust 230 svör. Niðurstöðurnar sýndu að færni í íslensku höfðu mest forspárgildi um menningaraðlögun pólskra innflytjenda og eini þátturinn sem sýndi marktæk áhrif á samskiptaaðlögun og mest áhrif á heildaraðlögun. Auk þess hafði áætluð dvöl á Íslandi forspárgildi á starfsaðlögun, lífskjaraaðlögun og heildaraðlögun, en ekki á samskiptaaðlögun. Kyn hafði áhrif á starfaðlögun og lífskjaraaðlögun, en konur náðu betri árangri í báðum tilvikum. Loks höfðu mánaðarlaun forsagnargildi um starfsaðlögun.

Abstract

In the beginning of this century, the demographic composition of Iceland's inhabitants changed to a significant extent as a result of growing immigration, especially from Poland. This trend was supportive of the economic upswing in Iceland which required manpower from abroad to meet an increasing demand for human resources and simultaneously opened up opportunities for people in Poland to select Iceland as their destination, many of whom had become increasingly mobile due to their new-found liberty. The aim of this research is to gain insight into the extent of Polish immigration to Iceland and identify factors which may impact the adaptation of those immigrants to Iceland and its labour market. Based on a review of the literature, particular emphasis was placed on examining immigrants' reasons for leaving their homeland, their overall adaptation and the main aspects of their adjustment process. The research is firstly based on official databases relating

¹ Gunnar Óskarsson er lektor við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Netfang: gunnaros@hi.is. Sabit Veselaj er nemandi í doktorsnámi í Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Netfang: sav4@hi.is.

to manpower from abroad on the labour market in Iceland and other countries which have attracted significant immigration from Poland. Secondly, a survey was conducted among 405 Polish employees in Iceland in 2010 with a return of 230 responses.

After investigating three types of adaptation; that is, to the workplace, to living conditions and to overall circumstances, the results show that plans for continued settlement in Iceland were of major importance, but did not have an impact on communication adaptation. Nevertheless, skills in the local language appeared to have the highest predictive value regarding the immigrants' overall adaptability to a new culture and the only factor that had a significant impact on communication adaptation. Sex had an impact on adaptation to the workplace and living conditions; the adaptation of women was better in both of them. Finally, salary had an impact on adaptation to working conditions.

JEL flokkun: M14; M51; M54

Lykilorð: Innflytjendur; pólskir innflytjendur; menningaraðlögun; fjölmening; erlent vinnuafl.

Keywords: Immigrants; Polish immigrants; cultural adaptation; multicultural; foreign employees.

Cultural adaptation of foreign employees from Poland: Iceland as a destination

1 Inngangur

Fólksflutningar eru ævagamalt fyrirbæri; fólk hefur flutt búferlum frá einu landi til annars frá ómunatíð. Búferlaflutningar eru óhjákvæmilegt fyrirbæri á alþjóðlegum vettvangi, eins og fjölbreytni innflytjendahópa ber glöggvitni um (Heilbrunn, Kushnirovich, og Zeltzer-Zubida, 2010). Það eru tvenns konar meginkraftar sem valda búferlaflutningum, annars vegar aðstæður í heimalandi og hins vegar aðstæður í gistilandi. Til að innflytjendunum vegni sem best og farnist vel í starfi er mikilvægt að sem best skilyrði séu til staðar í gistilandinu, bæði hvað varðar efnahag, tækifæri á framþróun og almenna vellíðan (de Haas, 2010; Petersen, 1958). Þegar framandi umhverfi blasir við innflytjendum, verður það strax meginviðfangsefni þeirra að aðlagast nýjum reglum og skilyrðum til að auðvelda sér lífið við breyttar aðstæður. Eins og Niehoff og Maciocha (2008) leggja megináherslu á, er aðlögun að menningu gistilandsins brýnasta viðfangsefni aðfluttra starfskrafta. Ekki er síður mikilvægt fyrir vinnuveitendur hinna nýju starfsmanna að þeir aðlagist fljótt og vel; þannig líður þeim best og þannig ná þeir mestum árangri í starfi (Samnani, Boekhorst og Harrison, 2012).

Með auknum fjölda innflytjenda verður þörfin fyrir þekkingu á aðgerðum sem stuðla að árangursríkri aðlögun þeirra stöðugt mikilvægari. Af þessari ástæðu hefur fræðasamfélagið á Íslandi unnið nokkrar rannsóknir sem veita innsýn í hvernig innflytjendum farnast. Erla S. Kristjánsdóttir og Þóra Christiansen (2016) rannsökuðu samningsstöðu háskólamenntaðra innflytjenda við vinnuveitendur og komust að því að hún væri veik, aðallega vegna skorts á færni í íslensku, en auk þess var það álitid smánarblettur að vera útlendingur og það kæmi í veg fyrir að innflytjendurnir gætu orðið fullgildir meðlimir í tengslanetinu. Á grundvelli rannsókna meðal flóttakvenna komust Erla S. Kristjánsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir (2017) að því að ýmsar hindranir, m.a. tungumálakunnátta, leiddu til þess að aðlögun þeirra að samfélaginu var erfið, m.a. þar sem samskipti milli þeirra og innfæddra voru takmörkuð. Olga Stangej, Inga Minelgaite, Kári Kristinsson og Margrét S. Sigurðardóttir (2019) rannsökuðu starfsmöguleika innflytjenda með háskólaþróf og komust að því að vegna fordóma væru atvinnumöguleikar þeirra minni en inn-


fæddra. Framangreindar rannsóknir varpa hver um sig ljósi á einstaka þætti í menningaraðlögun innflytjenda, en áhersla þeirra er hins vegar ekki á aðlögunarferli innflytjenda. Markmið þessarar rannsóknir er að varpa ljósi á þætti sem hafa áhrif á menningaraðlögun pólskra innflytjenda á Íslandi, sem og að greina ástæður þess að þeir ákveða að yfirgefa heimaland sitt og þætti sem hafa áhrif á að Ísland varð fyrir valinu. Í ljósi þess að stærstur hluti innflytjenda á Íslandi eru Pólverjar var ákveðið að beina rannsókninni sérstaklega að þeim hópi. Rannsóknarspurningin sem leitað var svara við er, *hverjir eru helstu áhrifaþættir fyrir árangursríkri aðlögun pólskra innflytjenda á Íslandi að vinnumarkaði og nýju umhverfi?* Með árangursríkri aðlögun er átt við að innflytjendurnir hafi aðlagast menningunni, þ.e. taka þátt í samfélaginu með innfæddum án umtalsverðrar fyrirhafnar, aðlagast umhverfinu og eru orðnir virkir þátttakendur í atvinnulífinu. Þeir skynja sig því ekki sem hluta af samlöndum sínum í heimsóknarlandinu, heldur líta ekki síður á sig sem hluta af nýja umhverfinu (Berry, 2005; Demes and Geeraert, 2014).

Svar við spurningunni getur orðið mikilvægt framlag til þekkingar á þessu sviði og jafnframt gagnast stjórnvöldum, fyrirtækjum og öðrum sem hlut eiga að máli til að bæta og styðja við aðlögunarferli innflytjenda á Íslandi.

Fyrst verður fjallað almennt um innflytjendur á Íslandi og pólska innflytjendur sérstaklega. Því næst verður fjallað um atriði sem hafa áhrif á innflytjendur, menningaraðlögun og þætti tengda henni. Þá eru aðferðarfræði og niðurstöður úr könnuninni ræddar. Loks er umræða, takmarkanir og frekari rannsóknir.

2 Innflytjendur á Íslandi

Innflutningur fólks er tiltölulega nýtt fyrirbæri á Íslandi. Fram undir lok síðasta áratugar 20. aldar voru landsmenn af mjög einsleitum uppruna og fólk erlendis frá var aðeins 2% af heildarfjölda íbúa. Á þessum tíma komu langflestir innflytjendur frá Norðurlöndunum. Eftir árið 2000 urðu hins vegar örar breytingar á lýðfræðilegri samsetningu íbúanna. Þar hafa komið til sögunnar tvær bylgjur innflytjenda, sú fyrri náði hámarki í janúar 2009 þegar fjöldi erlendra íbúa var 24.379 og náði 7,6% af heildarfjölda landsmanna. Þessa miklu aukningu má að hluta til rekja til batnandi ástands í efnahagi Íslendinga, sem meðal annars endurspegladist í umfangsmiklum byggingaframkvæmdum og þjónustu á árunum 2006 til 2008, en töluverður hluti starfskrafta komu frá Póllandi og fleiri löndum, t.d. Portúgal og Litháen (Unnur Dís Skaptadóttir, 2011). Eins og fram kemur á mynd 1, fækkaði innflytjendum á eftirhrunsárunum, en þeim byrjaði síðan aftur að fjölga 2013 og var heildarfjöldi erlendra íbúa kominn í 37.830 1. janúar 2018 (Hagstofa Íslands, 2019). Fjöldi þeirra fer enn vaxandi og var kominn í um 44.310 á fjórða ársfjórðungi 2018, um 12,4% landsmanna (Hagstofa Íslands, 2019).



Mynd 1: Fjöldi erlendra ríkisborgara á Íslandi (Hagstofa Íslands, 2019)

Pólverjar eru langstærsti hópur innflytjenda á Íslandi; þeim fjölgaði úr 735 árið 1998 upp í 16.987 árið 2018 (Hagstofa Íslands, 2019) og hafa því sérstakt mikilvægi fyrir landið. Aðrir stórir innflytjendahópar koma frá Litháen – 3.362 árið 2018, en 1998 höfðu þeir aðeins verið 21 talsins – Lettlandi, Þýskalandi og Rúmeníu (tafla 1).


Tafla 1: Innfluttir til Íslands eftir upprunalöndum

	1998	2018	hlf. af fjölda innflytjenda
Pólland	735	16.987	44,9%
Litháen	21	3.362	8,9%
Lettland	3	1.397	3,7%
Þýskaland	304	1.177	3,1%
Rúmenía	10	1.025	2,7%
Portúgal	73	985	2,6%
Bretland	332	921	2,4%
Danmörk	918	914	2,4%
Spánn	78	814	2,2%
Tíu stærstu löndin	3.054	27.582	72,9%
Svíþjóð	251	366	1,0%
Noregur	288	293	0,8%
Finnland	89	123	0,3%
Norðurlönd alls	1.546	1.696	4,5%
Innflytjendur alls	5.635	37.830	

Heimild: Hagstofa Íslands (2019), Mannfjöldi eftir ríkisfangi, kyni og aldri 1. janúar 1998-2018.

2.1 Pólskir innflytjendur

Eins og áður hefur komið fram, kemur stærsti hópur innflytjenda frá Póllandi, en hlutfall þeirra óx verulega á árunum 2006-2008. Í byrjun þessarar aldar var hlutfall þeirra um 15% af öllum innflytjendum á Íslandi, en jókst síðan í 45% og hefur haldist nánast stöðugt frá þeim tíma (mynd 2).



Mynd: 2: Hlutfall Pólverja af erlendum ríkisborgurum (Hagstofa Íslands, 2019)

Í ljósi þessara breytinga er athyglisvert að Pólverjar virðast vera að ná sterkari tengslum við íslenskt samfélag, en í nóvember 2018 var t.a.m. haldin pólsk menningarhátíð í Reykjanesbæ, þar sem um fjórðungur íbúa eru af pólskum uppruna. Við þetta tilefni sagði Gerard Pokruszynski, sendiherra Pólverja á Íslandi:

„Í Reykjanesbæ eru hlutfallslega flestir Pólverjar. Þessi hátíð verður örugglega til þess að styrkja frekar sambandið milli þeirra og íbúa á Suðurnesjum. Þeir eru mjög ánægðir og hafa margir atvinnu hér á svæðinu og vilja styrkja böndin. Það mun gerast, ég er sannfærður um það.“ (Víkurfrettir, 2018)

Í yfirliti Önnu Wojtyńska (2011) um sögu og einkenni pólskra innflytjenda kemur fram að vinatengsl Pólverja og Íslendinga eiga rætur að rekja allt til 1959, þegar Íslensk-pólska vinafélagið (e. Icelandic-Polish Friendship Society) var stofnað á Íslandi og Pólsk-íslenska vinafélagið (e. Polish-Icelandic Friendship Society) í Póllandi. Ofangreint dæmi frá Suðurnesjum er áhugaverð birtingarmynd á tengslum þessara hópa og gefur til kynna hversu samofnir pólskir innflytjendur eru að verða íslensku samfélagi. Það er ekki einungis um að ræða vinatengsl í aðra áttina, heldur hafa myndast gagnkvæm vinatengsl milli þessara þjóða. Áhugavert dæmi um hversu samofnir Pólverjar eru Íslendingum og öfugt, er sameiginleg pólsk-íslensk fullveldishátíð sem haldin var á Mýrdalssandi í desember 2018. Báðar þjóðirnar áttu 100 ára fullveldisafmæli það ár, flutt voru erindi bæði á pólsku og íslensku og þjóðsöngvar beggja þjóða sungnir. Hátíðin var vel sótt og þótti takast í alla staði vel. Þessi tengsl og gagnvirka þátttaka í menningu beggja þjóða eru afar mikilvæg, því eins og nánar verður gert grein fyrir í kafla 4.2 um samskiptahæfni, eru tengsl við íbúa gistilands mikilvæg forsenda jákvæðrar menningaraðlögunar (Kim 2001).

Mestu fólksflutningar í sögu Póllands hófust á eftirstríðsárunum eftir inngöngu landsins í Evrópusambandið í maí 2004. Iglicka (2010) leggur áherslu á að allt frá 1945 og fram að falli kommúnismans 1989, hafi stefna Póllands varðandi fólksflutninga, eins og annarra ríkja innan sovétblokkarinnar, einkenst af einangrunarhyggju. Það var engan veginn auðvelt fyrir pólska ríkisborgara að komast úr landi vegna hömlum á afgreiðslu vegabréfa og vegabréfsáritana. Umbreytingin yfir í markaðskerfi veitti síðan íbúum þessara landa sögulegt tækifæri til að losna undan stjórnarfari sem einkenndist af miðstýrðri efnahagsstefnu og alvarlegum hömlum á ferðafrelsi fólks til annarra landa.

Með ótakmörkuðu aðgengi að aðildarríkjum ESB, til dæmis Bretlandi og Írlandi, komst Pólland í hóp stærstu útflytjenda vinnuafis innan hins stækkaða Evrópusambands. Vegna lýðfræðilegra, félagslegra, efnahagslegra og pólitískra breytinga og þróunar í ríkjum Austur Evrópu fluttu margir íbúanna til Norður og Vestur Evrópu og Bandaríkjanna. Eins og sjá má á mynd 2 hófst straumur þeirra til Íslands um svipað leyti og náði hámarki nokkrum árum síðar. Þrátt fyrir að stuttur tími sé liðinn frá því að fólksflutningur Pólverja til Íslands hófust, er fjölgun þeirra hlutfallslega mest miðað við hin Norðurlöndin og fjölbreytni starfa mikil (Friberg o.fl., 2014).

Tafla 2: Brottflyttir Pólverjar eftir búsetulöndum

Búsetuland	Þús. ⁱ	innfl. % ⁱⁱ	% af Pólverjum. ⁱⁱⁱ
Þýskaland	1.334	19,6	35,7
Bretland	936	15,7	25,0
Bandaríkin	419	11,2	1,9
Holland (Niðurlönd)	118	13,1	3,2
Írland	115	19,0	3,1
Ítalía	114	2,3	3,1
Frakkland	102	2,3	2,7
Noregur	96	17,8	2,6
Svíþjóð	86	10,9	2,3
Belgía	76	5,7	2,0
Spánn	62	1,4	1,7
Danmörk	37	8,0	1,0
Sviss	35	1,7	0,9
Grikkland	17	2,4	0,4
Ísland	12	45,4	0,3

i Lönd með færri en 10.000 innflytjendur frá Póllandi eru ekki tekin með í töflunni (Slóvakía, Finnland, Ungverjaland, Eistland, Lettland, Mexíkó og Slóvenía)

ii hlutfall af innflytjendum í viðkomandi landi

iii hlutfall af brottflyttum Pólverjum, sem búa utan heimalands

Heimild: (OECD.Stat, 2018)

Þó svo að pólskum innflytjendum á Íslandi hafi fjölgað umtalsvert varpa framangreindar upplýsingar í töflu 2 ljósi á að val Pólverja á áfangastað er afar fjölbreytt og hlutfall þeirra sem velja Ísland sem gistiland mjög lágt, einungis 0,3% af brottflyttum Pólverjum (Szczepaniak, 2011). Þessar tölur gefa til kynna að Pólverjar hafi um marga áfangastaði að velja og jafnframt að starfskraftar þeirra nýtist víða. Ef um áframhaldandi þörf á vinnuafli frá Póllandi verður að ræða á Íslandi, er því mikilvægt, til að laða sem hæfasta fólkið til landsins, að skapa þeim áhugaverð atvinnutækifæri og skilyrði svo að þeim farnist vel í nýja umhverfinu og nái árangri í starfi (Haslberger, Brewster og Hippler, 2013; Nolan og Morley, 2014). Það hefur jafnframt áhrif á hversu vel þeim tekst að uppfylla væntingar sínar.

3 Áhrifaþættir innflytjenda

Ein af þekktari kenningum um áhrifaþætti á erlent vinnuafl eru ýta-toga (e. push-pull) kenningin og jafnvægiskenningin (e. equilibrium), en þær grundvallast á ávinningi áfangastaða og ganga út á að innflytjendur leiti sér fyrst og fremst að betri lífsskilyrðum og að framboð á erlendu vinnuafli leiti jafnvægis þegar betri skilyrði utan heimalandsins eru ekki lengur nægjanleg. Kenningarnar taka þó einnig til ýmissa annarra þátta sem hafa áhrif (Dorigo og Tobler, 1983; Ravenstein, 1885), en þar má nefna margvíslega þætti eða hvata sem geta ýmist neytt fólk eða vakið löngun þess til að yfirgefa heimaland sitt; þar er kannski helst að nefna stríðsaðgerðir eða efnahagslegar, pólitískar eða umhverfislegar aðstæður og hvata. Þrátt fyrir brýna þörf vegna erfiðleika taka innflytjendur gjarnan ákvörðun um brottflutning að vandlega íhuguðu máli, eftir að hafa tekið tillit til allra viðeigandi þátta og komist að niðurstöðu byggðri á bláköldum staðreyndum um hámarks kosti umfram galla, bæði efnahagslega og táknræna umbun (Richmond, 1988).

Það er vel þekkt að helstu áfangastaðir innflytjenda eru þróuð lönd, með háar tekjur á hvern íbúa, góð lífskjör og lítið atvinnuleysi; þ.e. lönd sem bjóða fleiri tækifæri en heimalandið. Í rannsókn sinni á menningarlegri aðlögun og áhugahvötum innflytjenda til Írlands komust Niehoff og Maciocha (2008) að þeirri niðurstöðu að peningar og tækifæri væru það sem helst laðaði innflytjendur að Írlandi. Moore og Shellman (2007) komust að því að hærri laun væru einungis ein af nokkrum ástæðum fyrir alþjóðlegum fólksflutningum, áhrif þeirra á ákvörðun um áfangastað væri einnig háð öðrum þáttum, launin ein og sér væri ekki endilega sú mikilvægasta.

Í nokkrum rannsóknum hefur verið kannað hvers vegna innflytjendur kjósa að flytja til Íslands. Í rannsókn Hallfríðar Þórarinsdóttur, Sólveigar H. Georgsdóttur og Berglindar L. Hafsteinsdóttur (2009), þar sem flestir þátttakendur voru frá Póllandi, leiddi í ljós að meðal þeirra ástæðna sem innflytjendur nefndu fyrir vali sínu á Íslandi voru atvinnuleysi heima fyrir (flestar þátttakendur nefndu það) sem rak þá til þess að leita sér betra lífs annars staðar. Tworek (2011) komst að því að megin ástæða fyrir vali pólskra innflytjenda á Íslandi sem áfangastað, sérstaklega fyrir efnahagshrunið 2008, voru góðar líkur á að fá starf og einnig góð laun sem sköpuðu góð lífsskilyrði, jafnvel þó ekki væri krafist sérstakrar sérhæfingar í viðkomandi starfi. Þar að auki voru ekki gerðar kröfur um góða íslenskukunnáttu. Margir innflytjendur komu líka til Íslands af fjölskylduástæðum; þeir áttu ættingja sem voru búnir að koma sér fyrir á Íslandi. Wojtynska (2011) rannsakaði sögu og ein-kenni fólksflutninga frá Póllandi til Íslands og komst m.a. að því, að með fjölgun Pólverja á Íslandi hafa myndast samfélög sem veita nýjum innflytjendum stuðning og gera þeim auðveldara að flytjast til landsins. Samkvæmt Velferðarráðuneytinu (2007), stafar fjölgun fólks af erlendum uppruna, sem sest að á Íslandi í lengri eða skemmri tíma, að verulegu leyti af góðum lífskjörum á Íslandi og mikilli eftirspurn eftir vinnuafli í landinu; einnig er tilgreint ferðafrelsi fólks frá löndum sem gengu í Evrópusambandið 2004.

4 Menningaraðlögun

Nokkrir fræðimenn hafa rannsakað aðlögun innflytjenda að nýjum menningarheimi og hvaða þættir hafa áhrif á árangur aðlögunarinnar (Berry, 1997; Budyta-Budzynska, 2011; Gibson, 1998; Helga Ólafsdóttir og Małgorzata Zielińska, 2010; Zlobina, 2006; Þóra Christensen og Erla S. Kristjánsdóttir, 2016). Haslberger og Brewster (2008) bentu á að hugtökin *aðhæfing*, *aðlögun*, og/eða *menningaraðlögun* (e. adjustment, adaptation, and/or acculturation) eru oft notuð sem eins konar samheiti. Mills og Henretta (2001) komust að því að hugtakið menningaraðlögun sé víða notað um hvernig einn menningarhópur tileinkar sér viðhorf og hegðun annars hóps. Berry (1997) skilgreinir menningaraðlögun sem svörun einstaklinga eða hópa við kröfum umhverfisins. Þessir aðilar taka breytingum til að geta aðlagast umhverfi sínu betur. Samkvæmt Weinreich (2009) felur aðlögunin meðal annars í sér að meðtaka og tileinka sér menninguna í gistilandinu, án þess þó að glata tengslum við arfleifðina við upprunalandið.

Haslberger (2005a) skilgreinir menningaraðlögun sem ferli breyttrar hegðunar einstaklings, gildismats hans, viðmiða og viðhorfa sem hann hefur tekið með sér frá heimalandi sínu í átt til þess gildismats og hugmyndafræði sem er ríkjandi í gistilandi hans. Gibson (1998) sýndi fram á að menningaraðlögun sé fólgin í breyttum menningarviðhorfum og aðlögun sem á sér stað í samskiptum einstaklinga frá mismunandi menningarheimum. Það er almenn og margstaðfest niðurstaða að því meiri sem menningarmunurinn er, þeim mun neikvæðara verður aðlögunarferlið (Berry, 1997).

Í þessari rannsókn er stuðst við hluta af ofangreindum skilgreiningum eftir því hvort um samskiptaðlögun er að ræða, starfsaðlögun eða lífskjaraaðlögun. Samskiptaaðlögun tekur m.a. til tengslamyndunar, tjáskipta og að tileinka sér viðhorf í gistilandinu. Hún nær því ekki einungis til hegðunar innflytjandans, heldur einnig viðhorfa hans gagnvart menningu og aðstæðum í gistilandinu. Starfsaðlögun tekur fyrst og fremst til samskipta og að bregðast við skilyrðum á vinnustað. Lífskjaraaðlögun felur hins vegar í sér hversu vel viðkomandi tekst að aðlagast ytri aðstæðum, svo sem umhverfi, reglugerðum og almennum lífskjörum.

4.1 Þættir sem hafa áhrif á menningaraðlögun

Haslberger (2005a) sýnir fram á að menningaraðlögun sé flókið ferli; í fyrsta lagi vegna innri og ytri áhrifa og, í öðru lagi, vegna þess hve þessi síbreytilegu áhrif gera ókleift að spá fyrir um árangur menningaraðlögunar hvers einstaklings. Nokkrar mikilvægar breytur eru: persónueinkenni einstaklingsins, væntingar og að hve miklu leyti þær rætast við komuna til nýja landsins, félagslegur stuðningur og félagsleg tengsl, félags-efnahagsleg staða, undirbúningur og stuðningur vinnuveitanda. Haslberger heldur því fram að það rýri gildi allra rannsókna að þær skoði viðfangsefnið einungis frá afmörkuðu sjónarhorni og taki því aðeins til meðferðar hluta af þeim breytum sem um er að ræða. Þess vegna náist aldrei algjört spásagnargildi, og af þessari ástæðu byggði hann hugmyndir um óreiðu og flækjustig (e. chaos and complexity concept) inn í kenningu sína.

Fjölmarginir þættir og aðstæður geta spilað inn í aðlögunarferli að menningu gistilands. Grunnviðmiðin eru bæði heimaland innflytjendanna (pólítískt umhverfi, efnahagur og lýðfræðilegir þættir) og gistiland þeirra (viðhorf, hugmyndafræði, félagslegur stuðningur, þjóðfélagið í heild og minnihlutahópar). Persónueinkenni innflytjenda gegna veigamiklu hlutverki í aðlögunarferlinu; þar er til dæmis um að ræða: aldur, kyn, menntunarstig, ástæður fyrir brottför frá heimalandinu, fyrri reynsla af innflytjendum til annarra landa, menningarmunur milli gistilands og heimalands, viðhorf íbúa gistilands til innflytjenda, og atburðarás í báðum löndum (Ebrahim, 1992; Mamman, 1995; Zlobina, 2006). Niehoff og Maciocha (2008) fundu að tungumálafærni og aldur hafa mest áhrif á árangur innflytjenda í menningaraðlögun. Niehoff (2008) komst að því að eldri innflytjendur náðu betri árangri í aðlögun en þeir sem yngri voru. Á hinn bóginn sýndu aðrar rannsóknir fram á að yngri innflytjendur næðu betri árangri en þeir sem voru eldri (Ebrahim, 1992; Mamman, 1995).

Í rannsókn á 7.000 innflytjendum í Kanada komst Gibson (2001) að því að tvær víddir hefðu mest áhrif á menningaraðlögun; hversu mikið innflytjendunum fannst þeir tilheyra gistilandinu, eða heimalandinu, sem endurspegladist m.a. í því hversu virkir þátttakendur væru í menningu heimalandsins. Hún komst að því að aðlögunin væri mest þegar innflytjendunum fannst þeir fyrst og fremst tilheyra gistilandinu, en heimalandinu einungis að óverulegu leyti.

4.2 Samskiptahæfni

Samskiptahæfni og þróun tengsla við heimafólk á svæðinu er innflytjendum brýn nauðsyn og ræður úrslitum um aðlögun þeirra að umhverfi gistilandsins (Álfrún Sigurgeirsdóttir, 2011; Unnur Dís Skaptadóttir, 2011). Í þessu samhengi hefur tungumálakunnátta mikla þýðingu, en Selmer og Luring (2015) komust að því, að ávinningur af henni er þeim mun meiri eftir því sem tungumálið er erfiðara og meira krefjandi. Kim (2001) bendir á að fyrir

einstaklinga sem aðeins hafa takmarkaða möguleika á samskiptum í gistilandinu séu tengsl við heimafólk erfið og jafnvel ógnvekjandi lífsreynsla.

Kim (2001) setur fram gagnvirkt líkan af þvermenningarlegri aðlögun og meginþáttum hennar. Fyrsta skrefið í aðlögunarferli eru persónuleg samskipti sem eru miðpunktur í aðlögun innflytjandans. Samkvæmt Kim (2001), er samskiptahæfni við gistilandið mót-orinn sem knýr innflytjendur áfram í aðlögunarferlinu. Í rannsókn sinni á pólskum og króatískum innflytjendum, komust Koscic, Kruglanski, Pierro og Mannetti (2004) að þeirri niðurstöðu að ef innflytjendur mynda nánari tengsl eða sambönd við íbúa gistilandsins, leiðir það til sterkari tilhneigingar til að aðlagast nýju menningunni. Þeir innflytjendur, hins vegar, sem mynda nán félagsleg tengsl við landa sína eiga yfirleitt erfiðara með að aðlagast nýrri menningu. Samkvæmt Kim (2001), ná innflytjendur jákvæðum árangri í menningaraðlögun þegar þeir mynda tengsl við íbúa gistilandsins, bæði á persónulegum nótum og með félagslegum samskiptum, en ef samskiptin eiga sér fyrst og fremst stað innan eigin minnihlutahóps verða áhrifin á menningaraðlögunina neikvæð.

Það er krefjandi viðfangsefni að læra nýtt tungumál, einkum ef það þykir erfitt og er frábrugðið ríkistungumáli í heimalandi og öðrum útbreiddum tungumálum (Selmer, 2015). Ef takmarkaður stuðningur er við innflytjendur, svo sem með námskeiðum í tungumáli og menningu í nýja samfélaginu getur reynst erfitt fyrir innflytjendur að ná góðum árangri í menningaraðlöguninni, þrátt fyrir góðan vilja. Í grein Unnar Dísar Skaptadóttur og Helgu Ólafsdóttur (2010) kom fram að Íslendingar hafi brugðist seint og ómarkvisst við þörfum útlendinga fyrir íslenskukennslu og annarri fræðslu til að styðja þá í að aðlagast nýrri menningu í kjölfar mikillar aukningar erlendra ríkisborgara á Íslandi. Mest áhersla var lögð á þarfir vinnumarkaðarins, en minna um samfélagsfræðslu sem er mikilvægur hluti af íslenskukennslu fyrir innflytjendur. Þannig má halda því fram að Íslendingar hafi að þessu leyti brugðist hlutdeild sinni í þeirri ábyrgð sem þeir ættu að hafa á aðlögunarferlinu með innflytjendunum.

4.3 Bakgrunnur og persónueinkenni

Eins og áður hefur komið fram, er ófullnægjandi kunnátta í tungumáli gistilandsins alvarlegur þröskuldur í aðlögun að nýju umhverfi. Að tungumálinu undanskildu, standa innflytjendur frammi fyrir öðrum meiriháttar hindrunum í nýja landinu; til dæmis skortir þá reynslu af aðstæðum gistilandsins, þeir hafa engin tengslanet, hugsunarhátturinn er öðruvísi, þeir mæta samkeppni á vinnumarkaði, og fá ekki atvinnutækifæri vegna þess hvernig vinnumarkaður gistilandsins er samsettur (Póra Christiansen og Erla S. Kristjánsdóttir, 2016; Þorgerður J. Einarsdóttir, Thamar Melaine Heijstra, og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2018; Heilbrunn o.fl., 2010). Jafnframt komust Þorgerður o.fl. (2018) að því að aðlögun eða virk þátttaka í stjórnámálum hefðu áhrif á aðlögunarhæfni innflytjenda, en þar væru tækifæri til að gera betur, sumum þeirra fannst að ekki væri hlustað á þá og finnast þeir ekki geta haft áhrif á stjórnálin.

Persónueinkenni innflytjandans skipta miklu máli. Þar skal fyrst telja aldur, menntun, kyn, og reynslu af öðrum löndum. Aldur er mikilvæg breyta í þvermenningarlegri aðlögun. Niehoff og Macciocha (2008) komust að þeirri niðurstöðu að bæði aldur og færni í tungumáli hefðu spásagnargildi um menningaraðlögun innfluttra starfskrafta á Írlandi; eldri innflytjendur gáfu til kynna herra stig aðlögunar en þeir sem yngri voru. Akhtar (1999) sýndi jafnframt fram á að innflytjendur í mismunandi aldursflokkum ættu við ólík vandamál að stríða.

Ennfremur hafa rannsakendur komist að raun um að konur upplifa meiri aðlögunarstreitu. Í rannsókn sinni komust Reitmanova og Gustafson (2009) að þeirri niðurstöðu að kvenkyns þátttakendur höfðu yfirleitt færri úrræði og félagslegan stuðning og það tók þær lengri tíma að aðlagast nýjum lífsháttum en karlkyns innflytjendur. Berry (1997) bendir á að menntun sem persónuleg stoð og stytta hjálpar til við aðlögun og vinnur með öðrum bjargráðum eins og tekjum og starfsþekkingu; í reynd nýtist menntun mörgum innflytj-

endum sem eins konar fyrirfram aðlögun að tungumáli, sögu, gildum og umgengnisreglum nýs menningarsvæðis.

4.4 Tengsl áhrifaþátta og menningaraðlögunar

Í fræðunum hefur lítið verið fjallað um tengsl áhrifaþátta og menningaraðlögunar. Hins vegar hefur verið fjallað um tengsl aðlögunarfærni (e. cultural intelligence) og hvata við árangur í starfi í nýju landi, svo og þætti sem hindra árangur í menningaraðlögun. Rimalu, Wei og Che Rose (2011) komust m.a. að því að bæði aðlögunarfærni og hvatning eða áhugi á að flytja til tiltekins áfangastaðar höfðu marktæk áhrif, hvatning leiddi til betri starfsaðlögunar og árangur í starfi var meiri hjá þeim sem höfðu góða heildræna aðlögunarfærni, þ.e. áttu auðveldara með að aðlagast nýjum aðstæðum á margbrotinn hátt í víðu samhengi og góð aðlögunarfærni leiddi til betri árangurs í sértækum verkefnum. Í rannsókn á meðal pólskra innflytjenda á Íslandi komst Tworek (2011) að því að þeir aðilar sem tengdust aðallega samlöndum sínum í nýju landi náðu takmörkuðum árangri í menningaraðlögun og náðu fyrst og fremst efnahagslegum ávinningi og tengingu við vinnu-markaðinn. Þeir aðilar sem líta hins vegar fyrst og fremst á sig sem íbúa í nýja landinu ná smám saman fótfestu í nýja samfélaginu, bæði félagslega, stjórnmalalega og menningarlega. Í rannsókn á reynslu og upplifun pólskra innflytjenda á Íslandi komst Ásdís María Elfarsdóttir (2006) m.a. að því góð þekking á íslensku samfélagi væri ekki einungis góð leið til aðlögunar, heldur einnig kjörin leið til að bæta lífskjörin á Íslandi. Chirkov, Vansteenkiste, Tan og Lynch (2007) rannsökuðu með hvaða hætti hvatar til að stunda nám í öðru landi hefðu á árangur í menningaraðlögun. Niðurstaða þeirra var, að ytri hvatar, t.d. að forðast óhagstæðar aðstæður í heimalandi hefðu ekki jákvæð áhrif á aðlögun, en innri hvatar, svo sem löngun til að búa í viðkomandi landi hafði jákvæð áhrif.

5 Aðferðafræði

Þessi rannsókn var byggð á megindlegri aðferð, en þar var stuðst við spurningalista, sem fyrst og fremst var byggður á þekktum erlendum spurningum. Sú aðferð hentaði vel fyrir rannsóknina sem hafði það að meginmarkmiði að kanna hvaða þættir hefðu mest áhrif á aðlögun erlendra innflytjenda að nýju vinnuumhverfi og aðstæðum í nýju landi. Rannsóknarspurningin sem leitað var svara við er, *hverjir eru helstu áhrifaþættir fyrir árangursríkri aðlögun pólskra innflytjenda á Íslandi að vinnuarkaði og nýju umhverfi?*

Rannsóknin var unnin á grundvelli könnunar sem var þróuð og dreift til pólskra innflytjenda. Vegna þess hve könnunin var margbrotin og til að stuðla að sem hæstu svarhlutfalli, notuðu rannsækendur blandaða aðferð við gagnasöfnun (e. mixed-mode survey), þar á meðal kannanir sem einstakir svarendur fylltu út í vinnuhléi á staðnum, eða að viðkomandi fékk spurningalistann afhentan, unnu úr könnuninni heima og afhentu næsta virka dag.

Beitt var öðrum úrtökuaðferðum en líkindaúrtöku (e. non-probability sampling methods); til dæmis var notuð hentiúrtaka á vinnustöðum þar sem meiri líkur voru á að finna pólska innflytjendur, eða farið á fjölsótt svæði eins og verslunarmiðstöðvar, sundlaugar og fleiri staði.

Til viðbótar voru notuð matskennd úrtök og tilvísunarúrtök (snjóboltaúrtök). Þar sem flestir pólskir innflytjendur starfa á höfuðborgarsvæðinu, voru flestir þátttakendur frá Reykjavík og nágrennabæjum. Rannsóknin fór fram sumarið 2010. Pólsku innflytjendurnir sem tóku þátt í rannsókninni voru frá 18 til 65 ára; karlar voru 60% og konur 40%. Meðalaldur þátttakenda var 33,5 ár sem kom heim og saman við tölur frá Hagstofu Íslands um aldurssamsetningu erlenda ríkisborgara á Íslandi á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd.

5.1 Könnunin

Könnunin samanstóð af 29 spurningum, sem byggðu sumpart á spurningalistum úr fyrri rannsóknum, (Black og Stephens, 1989; Haslberger, 2005b; Niehoff og Maciocha, 2008), og að nokkru á spurningum sérhönnuðum fyrir þessa rannsókn. Þar sem rannsóknin felur í sér notkun tungumáls og þar með einnig þörf fyrir þýðingar höfðu rannsakendur sérstaklega í huga varðveislu jafngildis með tilliti til merkingarfræði, stöðlunar og hugmyndafræði (Guthrey og Lowe, 1992). Í þessari rannsókn var notuð aðferðin þýðing/bakþýðing (Behling og Law, 2000).

Hluti af spurningalistanum beindist að lýðfræðilegum upplýsingum, þ.m.t. áhuga-hvötum tengdum bæði brottför frá heimalandi og vali á gistilandi, atvinnuvæntingar og framtíðaráætlanir um búsetu á Íslandi. Hvað menningaraðlögun varðar innihélt könnunin spurningar sem ætlaðar voru að mæla hversu vel þátttakandanum hafi tekist að aðlagast menningu á þeim þremur sviðum aðlögunar sem áður er fjallað um, samskiptum (samskiptaaðlögun), lífskjörum (lífskjaraaðlögun) og vinnustað (starfsaðlögun).

Allar fjöllíðaspurningar gengust undir áreiðanleikaprófun. Í öllum spurningum um aðlögun og íslenskukunnáttu var notaður sjö punkta Likert skali. Til að mæla færni í íslensku var notaður skali frá Haslberger (2005b) og þátttakendur beðnir að meta hæfni sína til að tala, lesa, skilja og rita íslensku. Spurningin var: „hversu góð/-a telur þú þig vera í íslensku: skilningi, tala, lesa og skrifa? (vinsamlegast veldu eina tölu á skalanum frá einum til sjö fyrir sérhvern svarlið, þar sem 1 þýðir að þú hvorki skilur/talar/lest né skrifar íslensku og talan 7 þýðir að þú talar/skilur/lest/skrifar íslensku reiprennandi). Alpha stuðull vegna færnisкала í íslensku var 0,94, á báðum tungumálum, grunntungumáli spurningalistans, sem var enska og pólsku, sem þátttakendur töluðu. Með þessum hætti voru uppfylltar kröfur um trausta framsetningu í þýðingu á spurningalista (Behling og Law, 2000).

Þrjú svið aðlögunar pólskra innflytjenda voru notuð til að meta menningaráhrif. Í fyrsta lagi, var skoðuð menningaraðlögun í samböndum og samskiptum við íbúa gistilandsins (samskiptaaðlögun); þar var notuð staðfærð útgáfa af skala Haslberger (2005b) og skala Black og Stephens (1989) sem inniheldur níu liði: mynda vináttusambönd við Íslendinga; kynast íslenskum nágrönnum; stofna til félagslegra samskipta við Íslendinga; viðhalda persónulegum samböndum við Íslendinga; taka frumkvæði gagnvart öðrum (Íslendingum), þ.e. taka fyrsta skrefið til vináttusamskipta; tala við Íslendinga; eiga samskipti við Íslendinga í önnum daglegs lífs; trúarskoðanir heimamanna; og stjórnmalaviðhorf heimamanna. Alpha stuðull vegna menningaraðlögunar í samböndum og samskiptum við Íslendinga var 0,91 í báðum tungumálum sem er traust niðurstaða.

Í öðru lagi, vegna aðlögunar í daglegu lífi (lífskjaraaðlögun) var notaður skali Haslberger (2005b) og Black og Stephens (1989) með Alpha stuðullinn 0,78. Í þriðja lagi, vegna aðlögunar að vinnustöðum (starfsaðlögun), var notaður skali Black og Stephens (1989) með Alpha stuðullinn 0,89.

Í öllum tilvikum var spurt með eftirfarandi hætti: Hversu illa eða vel hefur þér tekist að aðlagast eftirfarandi þáttum (vinsamlegast veldu eina tölu á skalanum frá einum til sjö fyrir sérhvern svarlið, þar sem 1 þýðir að þér hefur ekki tekist að aðlagast viðkomandi þætti og talan 7 þýðir þér hafi tekist mjög vel að aðlagast).

Síðan voru teknar saman niðurstöður um framangreint sjálfsmat pólsku innflytjendanna á menningaraðlögun með tilliti til allra sautján þáttanna; þar var Alpha stuðullinn 0,92 á eftirfarandi þremur sviðum: aðlögun í myndun tengsla og tjáskipta; viðbrögð við lífsháttum; og aðlögun að vinnustöðum.

6 Niðurstöður úr könnuninni

Spurningalistar voru sendir til 405 hugsanlegra þátttakenda; 230 þeirra fylltu út listann, sem er 57% svarhlutfall. Þverskurðarmynstur þátttakenda var sem hér segir: 51,8% konur, 48,2% karlar, á meðalaldrinum 33,5 ár. Þegar litið er til menntunar, höfðu 52,9% lokið fram-

haldsskólaprófi, 11,7% voru með starfsgreinamenntun, 9,4% höfðu lokið bakkalársprófi í háskóla og 8,5% meistaraþrófi. Um fimmtungur þátttakenda vissu ekkert um Ísland áður en þeir komu til landsins. Fleiri konur en karlar höfðu lokið grunn- og framhaldsnámi í háskóla, og í framhaldsskóla; fleiri karlar höfðu hins vegar stundað nám í framhaldsskóla án þess að taka lokapróf.

Svarendur endurspegluðu fjölbreyttan bakgrunn hvað störf varðar, flestir störfuðu í fiskiðnaði, ræstingu, verslun, byggingariðnaði og vöruhúsum. Meðal annarra starfa voru þjónustustörf, akstur rútbifreiða, lækna, hjúkrun, heimaþjónusta fyrir aldraða, leikskólakennarar, vélsmiðir, forritarar, lyfjafræðingar, framreiðslustörf, trésmiðir, múrarar, járnsmiðir, rekstur skóla og tveir svarenda stunduðu eigin atvinnurekstur. Dreifing svarenda var nokkuð fjölbreytt, en hæsta hlutfallið var í byggingariðnaði, 16,5%.

Hvað varðar dvöl á Íslandi, höfðu 37% svarenda búið á Íslandi í þrjú til fjögur ár, 22,6% milli tvö og þrjú ár, 9,1% fjögur til fimm ár, 9,3% meira en tíu ár, 7% eitt til tvö ár, 4,8% minna en eitt ár, 3% milli fimm og sex, og sjö til níu ár, 0,9% níu til tíu ár. Fimmtíu og fjögur prósent þátttakenda höfðu orðið sér úti um vinnu áður en þeir yfirgáfu heimalandið.

Meginástæður pólskra innflytjenda fyrir brottför frá heimalandi sínu voru: peningar, nefndir 140 sinnum; leit að nýju starfi, 102 sinnum; öruggt starf í betra hagkerfi, 71 sinni; leit að tækifærum, 65 sinnum; fylgja fjölskyldunni, 51 sinni; og löngun til að ferðast, 40 sinnum. Uppgefnar ástæður fyrir að velja Ísland sem ákvörðunarstað gáfu til kynna mismunandi áhugahvata og sumir svarendur gáfu upp margar ástæður. Peningar og góð lífskjör eru meginhvatar fyrir vali pólskra innflytjenda á Íslandi. Þriðja megináherslan er fjölskyldan og þar á eftir kemur að finna starf, vinir, lítið atvinnuleysi, lág afbrotatíðni, víðtækar efnahagsástæður, menningarlegir þættir og að lokum það sem líkt er með Íslandi og Póllandi.

Þegar kom að framtíðaráformum varðandi dvöl á Íslandi, kváðust 36,4% svarenda óvissu ríkja um lengd dvalar; 30,3% sögðu dvalatíma háðan því hvernig þeim gengi á Íslandi; 15,8% sögðust myndu hafa fasta búsetu á Íslandi; 6,1% nefndi þrjú til fimm ár; 5,7% kváðust myndu dvelja lengur en fimm ár; 3,5% gáfu til kynna skemmri tíma en tvö ár; og 2,2% nefndu tvö til þrjú ár (tafla 3).


Tafla 3 Fyrirhuguð lengd dvalar á Íslandi

Áætluð lengd dvalar	hlutfall
Föst búseta á Íslandi	15,8%
Lengur en 5 ár	5,7%
Þrjú til fimm ár	6,1%
Tvö til þrjú ár	2,2%
Skemur en tvö ár	3,5%
Óvissa um lengd dvalar	36,4%
Háð því hvernig gengur á Íslandi	30,3%

Könnunin innihélt spurningu um hvort væntingar til starfa hefðu staðist; 102 svarendur af 223 sem svöruðu spurningunni, eða 45,7% sögðu að þær hefðu gert það, 109 að þær hefðu staðist að hluta, en hjá 12 svarendum, eða 5,4%, höfðu þær ekki staðist.

Spurningunni um hvort pólskir innflytjendur væru að læra íslensku svöruðu 229 þátttakendur; 135 þeirra (59%) sögðust vera að læra íslensku og 94 (41%) sögðust ekki vera að læra íslensku nú sem stendur. Chi-square próf leiddi í ljós að 68,4% kvennanna voru að læra íslensku, og 50,9% karlanna voru að tileinka sér tungumálið. Næsta spurning beindist að færni í notkun íslensku, þ.e. skilningi, tali, lestri, og ritun. Svarendur lögðu mat á eigin færni og náðu meðaltalinu 2,73 (á sjö stiga skala), sem er fyrir neðan meðallag. Hæsta mat hæfnisþáttanna fékk skilningur (meðaltal 3,29), en lægst var útkoman í ritun (meðaltal 2,22); meðalútkoma fyrir talmál var 2,83 og 2,60 fyrir lestur (mynd 3). Konur náðu herra


meðaltali en karlar fyrir alla færniþætti íslenskunnar. Meðaltal kvennanna var verulega hærra, með tölfræðilega marktækum hætti, í þrem af fjórum færniþáttum; skilningi, lestri og ritun. Meðalniðurstaða kvennanna í talmáli var einnig hærra, en þó ekki með marktækum hætti. Niðurstöðurnar sýndu að ritun reyndist þátttakendum erfiðasti hjallinn, með lægsta meðaltalið, eða 2,22 á sjö stiga skala.



Mynd 3: Meðaltal færniþátta í íslensku

Af þeim þáttum sem valda pólskum innflytjendum erfiðleikum í aðlögun að íslensku samfélagi, skipar tungumálið fyrsta sess, tilgreint í 136 svörum; næst kom skoðun svarenda á viðhorfi Íslendinga til útlendinga, nefnt 82 sinnum; venjubundin hegðun Íslendinga var tilgreind 66 sinnum; mataræði 29 sinnum; vetrarmyrkrið 23 sinnum; sumarbirtan 10 sinnum; trúarbrögð 3 sinnum og 3 svarendur gáfu til kynna að aðlögun þeirra hefði tekist. Svarendum var heimilt að bæta við valkostum.


Menningaraðlögun pólskra innflytjenda í samskiptum við Íslendinga var mæld í níu þáttum á sjö stiga skala. Meðalstigafjöldi svarenda var 3,52. (mynd 4)



Mynd 4: Menningaraðlögun – samskipti


Innflytjendum fannst þeir hafa náð minnstum árangri í aðlögun hvað varðar að eiga frumkvæði að samskiptum við Íslendinga (meðaltal 3,09) og tileinka sér pólitísk gildi gisti-landsins (meðaltal 3,05).

Fjórir þættir voru notaðir til að mæla lífskjaraaðlögun: húsnaði, t.d. áreiðanleiki raforku eða síma, eða húsrými; almenn lífskjör og umhverfisþættir, eins og til dæmis hávaði, mengun, rusl og loftslag (mynd 5). Í svörum sínum lögðu pólsku innflytjendurnir mat á hversu vel þeim tókst að aðlagast ofangreindum þáttum á sjö punkta skala, og var meðaltalið 5,03 sem gefur til kynna betri aðlögun á þessum sviðum heldur en í myndun sambanda og samskiptum við Íslendinga. Athygli vekur að svarendur gáfu loftslagi áberandi lægstu einkunn, en það kemur þó ekki á óvart og líklegt að veðurfar ráði miklu um það.



Mynd 5: Menningaraðlögun - lífskjör og ytri aðstæður

Þegar horft var til aðlögunar að vinnustöðum, kom í ljós að meirihluti svarenda hafði náð mjög góðum árangri á því sviði. Meðaltal fyrir starfsaðlögun var 4,81 á sjö stiga skala sem gefur til kynna betri aðlögun í daglegum störfum en náðst hafði í reglubundnum samskiptum og frumkvæði að samböndum við Íslendinga (sjá mynd 6). Alpha stuðullinn var 0,89, sem er marktæk niðurstaða. Niðurstöðurnar gefa jafnframt til kynna að pólskir, starfandi innflytjendur, leggi sig töluvert fram um að aðlagast aðstæðum á vinnustað.



Mynd 6: Menningaraðlögun - aðlögun að starfi

Næst var tekið saman heildaraðlögun, byggt á sjálfsmati pólskra innflytjenda á menningaraðlögun á grundvelli allra þriggja tegunda aðlögunar, menningaraðlögun, lífskjaraaðlögun og starfsaðlögun. Heildarmeðaltal af öllum þáttunum var 4,18 sem er yfir meðal-lagi. Alpha stuðullinn var 0,92 sem er marktæk niðurstaða.

Beitt var aðhvarfsgreiningu til að leita að óháðum forsagnarbreytum varðandi menningaraðlögun á öllum þrem sviðum (samskiptaaðlögun, lífskjaraaðlögun og starfsaðlögun). Einnig var prófað fyrir heildaraðlögun, úr sömu þrem sviðum. Þegar litið er til samskiptaaðlögunar reyndist færni í íslensku ($b = 0,52$; $p < 0,001$) hafa marktækt forsagnargildi um menningaraðlögun pólskra innflytjenda. Aðrir þættir höfðu ekki marktæk áhrif (tafla 4).

Tafla 4: Niðurstöður fjölbreytuaðhvarfsgreiningar

Frumbreytur	Fylgibreytur			
	Samskipta aðlögun	Starfs aðlögun	Lífskjara aðlögun	Heildar aðlögun
	Beta vægi			
Aldur	-,083	-,038	,010	-,056
Kyn	-,015	,148*	,141*	,079
Hjúskaparstaða	-,086	,018	,095	-,031
Menntun	-,005	-,132	-,030	-,067
Dvöl á Íslandi	-,095	-,053	-,029	-,095
Áætluð dvöl á Íslandi	,120	,193*	,210*	,173*
Fékk starf fyrir komu	,016	,098	,128	,078
Mætti væntingum	,023	-,095	-,121	-,028
Mánaðarlaun	,102	,151*	,071	,121
Færni í íslensku	,522**	,101	,181*	,432*
Aðfellt R2	0,242	0,08	0,15	0,211
F	7,206	2,856	4,589	5,919

*) $p < 0,05$, **) $p < 0,001$

Hvað starfsaðlögun varðar, reyndist kyn ($b = 0,148$; $p < 0,05$), áætluð dvöl á Íslandi ($b = 0,193$; $p < 0,05$), og mánaðarlaun ($b = 0,151$; $p < 0,05$), hafa tölfræðilega marktæk áhrif og forsagnargildi um aðlögun pólskra innflytjenda í starfi. Konur höfðu yfirleitt náð að aðlagast aðstæðum á vinnustað betur en karlar. Áætluð dvöl á Íslandi ($b = 0,210$; $p < 0,05$), færni í íslensku ($b = 0,181$; $p < 0,05$), og kynferði ($b = 0,141$; $p < 0,05$) reyndust tölfræðilega marktækir þættir varðandi forsagnargildi um aðlögun að lífskjörum.

Hvað snertir menningaraðlögun í heild (þegar tekið er mið af öllum breytum á þremur sviðum), kemur í ljós að færni í íslensku ($b = 0,432$, $p < 0,001$) og áætluð dvöl á Íslandi ($b = 0,173$; $p < 0,05$) hafa forsagnargildi um menningaraðlögun pólskra innflytjenda sem starfa á Íslandi.

Sterkustu áhrifin sem fram komu í rannsókninni eru annars vegar í samskiptaaðlögun, en þar útskýra óháðu breytturnar okkar 24% af breytileika í aðlöguninni og í heildaraðlögun, þar sem þær útskýra 21 % af breytileikanum. Í báðum tilfellum kemur fram með skýrum hætti að færni í íslensku hefur mest áhrif. Útskýringarmáttur óháðu breytanna eru minni í starfsaðlögun og lífskjaraaðlögun.

7 Umræða

Markmið þessarar rannsóknar var annars vegar að fá innsýn í menningaraðlögun pólskra innflytjenda á Íslandi og hins vegar að greina atriði sem hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að yfirgefa heimalandið og val á Íslandi sem áfangastað.

Niðurstöðurnar benda til að pólskir innflytjendur sem koma til starfa á Íslandi láta

stjórnast af ytri hvötum, eins og til dæmis peningum og launagreiðslum. Þetta samrýmist niðurstöðum Moore og Shellman (2007), þar sem peningar og væntingar til vinnu voru hvatinn að baki brottför frá heimalandinu, og vali á ákvörðunarstað. Jafnframt leiddi þessi rannsókn í ljós, að atvinnutekjur höfðu áhrif á aðlögun að starfi á Íslandi. Þetta er í samræmi við niðurstöður úr rannsókn Hallfríðar Þórarinsdóttir o.fl. (2009), þar sem flestir þátttakendur voru frá Póllandi. Á meðal annarra ástæðna fyrir vali á Íslandi sem áfangastað voru fjölskylduaðstæður og er það jafnframt í samræmi við rannsóknir Hallfríðar o.fl. (2009) og Tworek (2011).

Áætluð lengd dvalar á Íslandi, mánaðarlaun og kyn reyndust hafa forsagnargildi um aðlögun pólskra innflytjenda í starfi, en konur höfðu yfirleitt náð betur að aðlagast aðstæðum á vinnustað en karlar. Hvað varðar aðlögun að lífskjörum, höfðu áætluð lengd dvalar, færni í íslensku og kynferði marktæk áhrif. Þar sem lengd dvalar kemur fram í báðum þáttum gefa niðurstöðurnar til kynna að atvinnuveitendur nái meiri árangri með því að leggja áherslu á ráða innflytjendur sem ætla sér að dvelja í nokkurn tíma á landinu.

Á svipaðan hátt og kemur fram í innlendum rannsóknum (t.d. Stangej o.fl., 2019; Unnur Dís Skaptadóttir og Erla S. Kristjánsdóttir, 2017) er tungumálafærni mikilvægasti þátturinn í menningarlegri aðlögun innflytjenda. Í þessari rannsókn var tungumálakunnátta metin í fjórum færniþáttum: skilningi, lestri, ritun og tali. Færni í íslensku var metin að meðaltali 2,73 á sjö stiga kvarða; skilningur var metinn hæst, 3,29, því næst talmál, 2,83, lestur 2,60 og skrift 2,22. Athygli vakti að konur voru með verulega meiri færni í öllum þáttunum; þó var munurinn einungis marktækur í þremur þeirra, skilningi, lestri og ritun. Hugsanleg skýring á þessum mun gæti verið að pólskar konur sem tóku þátt í könnuninni voru með meiri menntun en karlarnir auk þess sem konurnar voru virkari í að læra íslensku (Berry, 1997; Niehoff og Macciocha, 2008). Þrátt fyrir að konurnar reyndust með meiri tungumálafærni í þessari rannsókn virðist sem enn vanti nokkuð uppá að þær nái nægjanlega góðri aðlögun að íslensku samfélagi, því samkvæmt rannsókn Unnar og Erlu (2017) fór lítið fyrir íslenskukunnáttu átta flóttamannakvenna sem komu til Íslands og reyndist það mikil hindrun í að þær gætu átt samskipti við aðra íbúa. Olga Stangej o.fl. (2019) komust að því að jafnvel smávægileg takmörkun í tungumálafærni höfðu neikvæð áhrif á atvinnutækifæri pólskra innflytjenda, en ástæðuna fyrir því mátti rekja til fordóma Íslendinga gagnvart útlendingum. Í þessari rannsókn var ekki spurt um fordóma gagnvart útlendingum, en hins vegar voru spurningar um mat þátttakenda á viðhorfi og hegðun Íslendinga gagnvart innflytjendum. Niðurstöðurnar sýndu að þessir þættir höfðu næst mest hindrandi áhrif á aðlögun þeirra, eftir tungumálakunnáttu. Rannsókn sem Erla S. Kristjánsdóttir og Þóra Christensen (2016) gerðu meðal tólf háskólamenntaðra innflytjenda leiddi í ljós að góð tungumálakunnátta opnaði margar dyr, en hún var þó ekki nægjanleg og mikil hindrun í samskiptum og samningsstöðu gagnvart vinnuveitendum hjá flestum viðmælendum þeirra, sem höfðu búið á Íslandi í 2 til 14 ár. Þetta er í samræmi við niðurstöður Selmer og Luring (2015) sem komust að því að ávinningur af tungumálakunnáttu er þeim mun meiri eftir því sem tungumálið er erfiðara og meira krefjandi. Þar sem íslenska er gjarnan talin erfitt tungumál fyrir erlenda aðila getur góð íslenskukunnátta skapað samkeppnisyfirburði á vinnumarkaði og aukið tækifærin, jafnvel hlutfallslega meira en í mörgum öðrum löndum.

Annar mikilvægur þáttur í aðlögunarferlinu er breyting á viðhorfum og hegðun einstaklinganna, en Gibson (1998) sýndi fram á að menningaradlögun sé fólgin í breyttum menningarviðhorfum og aðlögun sem á sér stað í samskiptum einstaklinga frá ólíkum menningarheimum. Í þessu samhengi er mikilvægt að innflytjendunum standi til boða stuðningur, t.d. í formi námskeiða og kennslu, ekki einungis í tungumálinu, heldur einnig í menningu og samfélagsfræðslu. Í rannsókn Unnar Dísar o.fl. (2010) kom fram að Íslendingar hafi brugðist seint og ómarkvisst við þörfum innflytjenda fyrir slíkri fræðslu, jafnvel þó svo að fjölgun útlendinga hafi verið umtalsverð. Í þessari rannsókn var menningarað-

lögum innflytjenda í samskiptum mæld í níu þáttum. Þeir þættir sem skorðu lægst voru að nálgast Íslendinga, hafa frumkvæði að því að stofna til samskipta við þá og skilningur á stjórnmalalegum skoðunum þeirra, en skortur á slíkri færni getur haft takmarkandi áhrif á atvinnutækifæri innflytjendanna (Þóra o.fl., 2016; Þorgerður o.fl., 2018).

Varðandi búsetutíma innflytjenda í tilteknu landi, komust Zlobina o.fl. (2006) að þeirri niðurstöðu í rannsókn sinni að dvalarlengd á nýju menningarsvæði hefur forsagnargildi um félagsmenningarlega aðlögun innflytjenda. Menntun, samskipti við íbúa gístillands og skynjaður menningarmunur voru þættir sem einnig gáfu til kynna veruleg tengsl við félagslega erfiðleika í samfélaginu sem flutt var til. Í þessari rannsókn gefur búsetutími, samkvæmt aðhvarfsgreiningu, ekki til kynna hliðstæðu við niðurstöður þeirra. Hins vegar sýndu niðurstöður okkar rannsóknar, að áætluð dvöl á Íslandi hafði marktæk áhrif á starfsaðlögun, lífskjaraaðlögun og heildaraðlögun, en ekki á samskiptaaðlögun.

Samkvæmt okkar rannsókn töldu innan við helmingur þátttakenda (45%) að atvinnuvæntingar þeirra hafi staðist, en rúmlega helmingur svarenda að þær hefðu annað hvort ekki staðist (6%) eða einungis að hluta til (49%). Atvinnuvæntingar höfðu hins vegar ekki marktæk áhrif á neina tegund menningaraðlögunarinnar.

Þegar kemur að þeim þáttum sem pólskir innflytjendur telja að valdi þeim erfiðleikum í aðlögun að íslensku umhverfi, að undanskildu tungumálinu sem þar skipaði fyrsta sess (eins og vænta mátti), er næsti þröskuldur sem þátttakendur nefndu viðhorf Íslendinga til innflytjenda og hefðbundin framkoma Íslendinga. Þessi þröskuldur virðist enn vera til staðar, því rannsókn Stangej o.fl. (2019) gefur til kynna að innflytjendur verða fyrir neikvæðum áhrifum vegna fordóma, en háskólagráða frá gístillandinu dregur hins vegar úr þeim. Til að geta mætt þörf okkar fyrir erlent vinnuafli, sem að stærstum hluta kemur frá Póllandi, svo og vegna þess að einungis lítill hluti brottfluttra Pólverja velur sér Ísland sem áfangastað, er afar mikilvægt að draga úr þessum erfiðleikum og skapa pólskum innflytjendum sem best skilyrði til að aðlagast íslenskri menningu. Þannig aukast líkurnar á að þeir velji Ísland sem áfangastað, þeim muni líða vel í íslensku samfélagi og skila sem bestum árangri.

8 Lokaorð

Í þessari rannsókn voru dregnar fram áhugaverðar upplýsingar um erlent vinnuafli og aðlögun þeirra að íslenskum vinnumarkaði og samfélaginu í heild. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að samskiptamynstur pólskra innflytjenda er talinn meginþáttur er ráðið getur úrslitum um aðlögun að nýju umhverfi. Samskiptafærni er einnig mikilvægur þáttur í því hvernig Pólverjum tekst að aðlagast íslensku umhverfi, einkum í samskiptaaðlögun og lífskjaraaðlögun, en slík aðlögun er ekki einungis mikilvæg fyrir þá sem ráðnir eru til vinnu, heldur hefur hún einnig áhrif á aðra fjölskyldumeðlimi, og stuðning þeirra við erlendu starfskraftana, sem getur síðan haft áhrif á árangur þeirra í starfi. Aðrar innlendar rannsóknir gefa jafnframt til kynna að tungumálafærni hafi veruleg áhrif á atvinnutækifæri og samningsstöðu Pólverja gagnvart íslenskum atvinnuveitendum (t.d. Þóra Christiansen og Erla S. Kristjánsdóttir, 2016).

Til að stuðla að sem mestum árangri á vinnumarkaði og auðvelda menningaraðlögun verða pólskir innflytjendur að leggja mun meiri áherslu á að tileinka sér færni í íslensku. Eins og niðurstöður aðhvarfsgreiningar þessarar rannsóknar sýna, mun betri færni í íslensku auðvelda Pólverjum menningaraðlögunina umtalsvert, sér í lagi þegar horft er til tengslamyndunar og samskipta við Íslendinga. Þessi niðurstaða er í samræmi við aðrar innlendar rannsóknir sem benda til að aukin færni í íslensku bætir menningaraðlögun pólskra innflytjenda og verður þannig til að styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði (Olga Stangej o.fl., 2019; Unnur D. Skaptadóttir og Erla S. Kristjánsdóttir, 2017; Þóra Christiansen og Erla S. Kristjánsdóttir, 2016).

Mikilvægt er að hafa í huga, að flestir pólskir innflytjendur sem tóku þátt í þessari rann-

sókn höfðu dvalið á Íslandi í einungis 1 til 5 ár og skiljanlegt að fyrsta kynslóð innflytjenda haldi í menningu og hefðir síns heimalands. Í öðru lagi, gera samskiptafærni fólki nútímasamfélagsins auðveldara um vik en nokkru sinni áður að halda tengslum, jafnvel þótt langt sé á milli (internetið, símasambönd, og félagslegir samskiptamiðlar eins og til dæmis Facebook). Þar að auki eru bein flug milli Íslands og Póllands og margir pólskir innflytjendur nota slík tækifæri til að eyða fríinu í heimalandi sínu. Vegna þeirra lýðfræðilegu breytinga sem átt hafa sér stað á Íslandi, þurfa allir sem hafa áhrif á aðlögunarferlið að finna nýjar leiðir til að nálgast málefni innflytjenda eða erlendra íbúa á Íslandi.

Þrátt fyrir að Pólverjar myndi stærra hlutfall af erlendum innflytjendum á Íslandi en í samanburðarlöndunum, eða 45% samanborið við 20% í Þýskalandi, 19% í Írlandi og 16% í Bretlandi, sem eru þau lönd sem komast næst Íslandi er einungis lítill hluti brotfluttra Pólverja búsettur á Íslandi. Það er því nokkuð ljóst að víða er þörf að nýta starfskrafta þeirra. Ef um áframhaldandi þörf verður að ræða á Íslandi fyrir vinnuafl frá Póllandi, er því mikilvægt að búa þannig um hnútana að þeir nái að aðlagast nýja umhverfinu, farnist vel og nái árangri í starfi (Haslberger, Brewster og Hippler, 2013; Nolan og Morley, 2014). Þannig aukast líkurnar á að Ísland verði framarlega á lista yfir áhugaverð gististilönd Pólverja, Íslendingum takist að manna þær stöður sem atvinnulífið þarf á að halda og að þeim gefist tækifæri til að velja sem hæfustu starfskrafta erlendis frá eða þá sem þeir telja að henti best í viðkomandi starf.

Niðurstöður þessarar rannsóknar gætu gagnast innflytjendum, íslenskum yfirvöldum sem fást við málefni innflytjenda, mannauðsstjórnendum og öðrum sem hafa áhuga á málefnum innflytjenda á Íslandi. Á grundvelli niðurstaðnanna geta innflytjendur áttað sig á veikleikum í aðlögunarferli sínu; til að bæta úr slíku þurfa þeir að leggja sig meira fram á þeim sviðum þar sem veikleikar koma fram og bæta hæfni sína. Hvað varðar aðlögun að vinnustöðum, sýna niðurstöðurnar að pólskir starfsmenn höfðu náð mjög góðum árangri. Mannauðsstjórnendur ættu að vera upplýstir um aðstæður nýrra starfsmanna varðandi þætti eins og menningarmun, lífskjör, og ytri aðstæður og nýta upplýsingarnar til að skapa þeim sem best skilyrði og stuðla þannig að árangursríkri aðlögun sem hefur jákvæð áhrif á innflytjendurna og samfélagið í heild sinni.

Að lokum gætu stjórnendur, í samstarfi við aðrar stofnanir sem hafa málefni innflytjenda á sinni könnu, hagnýtt sér upplýsingar úr rannsókninni til að finna betri leiðir til að hjálpa innflytjendum að bæta íslenskukunnáttu sína. Ófullnægjandi íslenskukunnátta er augljóslega helsta hindrunin á vegferð til aðlögunar að íslensku samfélagi og pólskir innflytjendur þurfa að hafa fleiri tækifæri og nýta sér þau til að læra tungumálið. Á grundvelli rannsókna, t.d. Kim (2001) og Ravasi o.fl. (2015), liggur fyrir að góð færni í samskiptum er grunnskilyrði fyrir aðlögun að nýju umhverfi, jafnvel þegar um er að ræða menntað starfsfólk með mikla sérþekkingu. Engu að síður skortir enn nokkuð uppá, jafnvel í alþjóðlegu samhengi, að nægjanlega vel hafi til tekist í menningaraðlögun hvað varðar færni í samskiptum. Upphaf aðlögunar að nýrri menningu er persónuleg samskipti, en þau skipta höfuðmáli í aðlögun innflytjenda. Í rannsókn þessari á málefnum pólskra innflytjenda á Íslandi hafa rannsakendur komist að raun um að þessi staðhæfing er bæði sönn og við hæfi. Í rannsókn Unnar Dísar Skaptadóttur og Helgu Ólafsdóttur (2010) kom fram að stuðningur stjórnvalda í aðlögunarferli innflytjenda væri ófullnægjandi, en hann hefur töluverð áhrif á möguleika innflytjenda til aðlögunar. Það er því ekki einungis innflytjendur sem eru ábyrgir fyrir aðlöguninni á nýju umhverfi, heldur þurfa stjórnvöld einnig að skapa góð skilyrði.

Auk framlags á grundvelli niðurstaðna þessarar rannsóknar um erlendan vinnumarkað og þætti sem hafa áhrif á aðlögun innflytjenda að íslensku umhverfi og árangur þeirra í starfi hér á landi, hefur í þessari grein verið settur fram töluverður fróðleikur, hugtök og skilgreiningar á íslensku sem vonandi auka umræðu um þetta mikilvæga viðfangsefni.

Takmarkanir og frekari rannsóknir

Skoða ætti niðurstöður þessarar rannsóknar í ljósi tiltekinna takmarkana. Í fyrsta lagi, var um sjálfsmat þátttakenda að ræða og ætti að taka mið af þeim annmarka. Í öðru lagi, jafnvel þótt niðurstöðurnar gefi yfirgripsmikla og skýra mynd af pólskum innflytjendum á Íslandi, ber að hafa í huga að hér er um hentiúrtak að ræða og því óvíst að hve miklu leyti unnt er að heimfæra niðurstöðurnar á pólska innflytjendur í heild sinni. Í þriðja lagi gætu þær breytingar sem átt hafa sér stað í helstu atvinnugreinum Íslendinga haft áhrif á niðurstöður könnunar um menningaraðlögun.

Þrátt fyrir að nokkur tími sé liðinn, er margt líkt með stöðu pólskra innflytjenda í dag og þegar rannsóknin var unnin. Í báðum tilfellum var hlutfall Pólverja af innflytjendum sá sami og mikill vöxtur í innflutningi vinnuafis. Helsta breytingin er að reynsla Íslendinga að fást við vinnuaflið ætti að hafa aukist og samsetning starfa hefur tekið breytingum, einkum vegna mikils vaxtar í ferðaþjónustunni. Engu að síður gefa nýlegar innlendar rannsóknir til kynna að niðurstöður þessarar rannsóknar eigi enn við, þ.e. að tungumálakunnátta sé helsta hindrun í aðlöguninni og velgengni erlendra innflytjenda í starfi og að enn virðist nokkuð í land og töluvert svigrúm til að bæta aðlögun pólskra innflytjenda á Íslandi (Þorgerður J. Einarsdóttir o.fl., 2018; Þóra Christensen og Erla S. Kristjánsdóttir, 2016).

Til að öðlast betri og víðtækari innsýn í viðfangsefnið væri áhugavert að framkvæma frekari rannsóknir þar sem Íslendingum yrði bætt við sem þátttakendum og skoða almenn viðhorf þeirra til innflytjenda, og þá sér í lagi til þeirra sem koma frá Póllandi. Mannauðstjórar geta jafnframt veitt markverðar upplýsingar um aðlögun innflytjenda að vinnustöðum sínum. Einnig mætti gera rannsóknina marktækari og áhugaverðari með því að láta hana ná til fleiri hópa aðfluttra starfskrafta.

Heimildir

- Akhtar, S. (1999). *Immigration and identity. Turmoil, treatment, and transformation*. North Bergen, NJ: Book-mart Press.
- Alperin, E. og Batalova, J. (2016). European immigrants in the United States. *Spotlight*. Sótt af <https://www.migrationpolicy.org/article/european-immigrants-united-states>
- Álfrún Sigurgeirsdóttir (2011). Polish labour workers in the construction industry in Reykjavík: Bosses' perspective. Sótt af <https://hi.academia.edu/AlfrunSigurgeirsdottir>
- Ásdís María Elfarsdóttir (2006). *Hér lifi ég eðlilegu lífi: Pólskir innflytjendur á Íslandi*. Óbirt MS-ritgerð: Háskóli Íslands, Mannfræðideild.
- Behling, O. og Law, K. S. (2000). *Translating questionnaires and other research instruments: Problems and Solutions*. London: Sage Publications.
- Berry, J. W. (1997). Immigration, acculturation, and adaptation. *Applied Psychology: An International Review-Psychologie Appliquee-Revue Internationale*, 46(1), 5-34. doi:10.1111/j.1464-0597.1997.tb01087.x
- Berry, J. W. (2005). Acculturation: Living successfully in two cultures. *International Journal of Intercultural Relations*, 29(6), 697-712. doi:10.1016/j.ijintrel.2005.07.013
- Black, J. S. og Stephens, G. K. (1989). The influence of the spouse on American expatriate adjustment and intent to stay in Pacific Rim overseas assignments. *Journal of Management*, 15(4), 529-544. doi:10.1177/014920638901500403
- Budyta-Budzyńska, M. (2011). Adaptation, integration, assimilation: An attempt at a theoretical approach. Í Małgorzata Budyta-Budzyńska (ritstjóri), *Integration or assimilation?: Polish immigrants in Iceland* (bls. 43-64). Varsjá: Wydawnictwo Naukowe Scholar.
- Center, P. R. (2017, June 19). Origins and destinations of European Union migrants within the EU. *Global Attitudes and Trends*. Sótt af <http://www.pewglobal.org/interactives/origins-destinations-of-european-union-migrants-within-the-eu/>
- Chirkov, V., Vansteenkiste, M., Tao, R., & Lynch, M. (2007). The role of self-determined motivation and goals for study abroad in the adaptation of international students. *International Journal of Intercultural Relations*, 31(2), 199-222.
- de Haas, H. (2010). *Migration transitions: A theoretical and empirical inquiry into the developmental drivers of international migration*. Working paper. International Migration Institute. James Martin 21st Century School, University of Oxford. Sótt af http://demografi.bps.go.id/phpFileTree/bahan/kumpulan_tugas_mobilias_pak_chotib/Kelompok_10/Referensi_paper/de_Haas_2010b_Migration_Transitions_A_Theoretical_and_Empirical_Inquiry_into_The_Developmental_Drivers_of_International_Mig.pdf

- Demes, K. A., & Geeraert, N. (2014). Measures Matter: Scales for Adaptation, Cultural Distance, and Acculturation Orientation Revisited. *Journal of Cross-Cultural Psychology*, 45(1), 91-109.
- Dorigo, G. og Tobler, W. (1983). Push-pull migration laws. *Annals of the Association of American Geographers*, 73(1), 1-17.
- Ebrahim, S. (1992). Social and medical problems of elderly migrants. *International Migration*, 30, 179-197.
- Erla S. Kristjánsdóttir og Þóra Christiansen (2016). „Veggurinn er alltaf til staðar“: Upplifun háskólamenntaðra innflytjenda af samskiptum og samningsstöðu gagnvart vinnuveitendum. *Íslenska Þjóðfélagið*, 7(1), 5-22.
- Friberg, J. H., Arnholtz, J., Eldring, L., Hansen, N. W. og Thorarins, F. (2014). Nordic labour market institutions and new migrant workers: Polish migrants in Oslo, Copenhagen and Reykjavik. *European Journal of Industrial Relations*, 20(1), 37-53. doi:10.1177/0959680113516847
- Gibson, M. A. (1998). Promoting academic success among immigrant students: Is acculturation the issue? *Educational Policy*, 12(6), 615-633.
- Gibson, M. A. (2001). Immigrant adaptation and patterns of acculturation. *Human Development*, 44(1), 19-23. doi:10.1159/000057037
- Guthery, D. og Lowe, B. A. (1992). Translation problems in international marketing research. *The Journal of Language for International Business*, 4(1).
- Hagstofa Íslands (2019). Erlendir ríkisborgarar 1950-2018. Sótt af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Rikisfang/MAN04001.px/?rxid=b03f69eb-bcd7-479b-a07e-12f5e2faa1c2
- Hagstofa Íslands (2019). Mannfjöldi eftir ríkisfangi, kyni og aldri 1. janúar 1998-2018. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Rikisfang/MAN04103.px/
- Hallfríður Þórarinsdóttir, Sólveig H. Georgsdóttir og Berglind L. Hafsteinsdóttir (2009). Staða innflytjenda á erfiðleikatumum-raddir og viðhorf. *MIRRA-Miðstöð InnflytjendaRannsóknna ReykjavíkurAkademiunni*, 22.
- Haslberger, A. (2005a). The complexities of expatriate adaptation. *Human Resource Management Review*, 15(2), 160-180.
- Haslberger, A. (2005b). Facets and dimensions of cross-cultural adaptation: Refining the tools. *Personnel Review*, 34(1), 85.
- Haslberger, A. og Brewster, C. (2008). The expatriate family: An international perspective. *Journal of Managerial Psychology*, 23(3), 324-346. doi:10.1108/02683940810861400
- Haslberger, A., Brewster, C. og Hippler, T. (2013). The dimensions of expatriate adjustment. *Human Resource Management*, 52(3), 333-351. doi:10.1002/hrm.21531
- Heilbrunn, S., Kushnirovich, N. og Zeltzer-Zubida, A. (2010). Barriers to immigrants' integration into the labor market: Modes and coping. *International Journal of Intercultural Relations*, 34(3), 244-252.
- Helga Ólafs og Małgorzata Zielińska (2010). "I started to feel worse when I understood more" Polish immigrants and the Icelandic media. Rannsóknir í félagsvísindum, Erindi á Þjóðarspegillinn XI, Reykjavík. Sótt af: <https://skemman.is/handle/1946/6741>
- Iglicka, K. og Ziolk-Skrzypczak, M. (2010). EU membership highlights Poland's migration challenges. *Migration information source*. Sótt af <https://www.migrationpolicy.org/article/eu-membership-highlights-polands-migration-challenges>
- Kim, Y. Y. (2001). *Becoming intercultural: An integrative theory of communication and cross-cultural adaptation*. Thousand Oaks, CA: Sage Publications.
- Kosic, A., Kruglanski, A. W., Pierro, A. og Mannetti, L. (2004). The social cognition of immigrants' acculturation: Effects of the need for closure and the reference group at entry. *Journal of Personality and Social Psychology*, 86(6), 796-813. doi:10.1037/0022-3514.86.6.796
- Mamman, A. (1995). Socio-biographical Antecedents of Intercultural Effectiveness: The Neglected Factors. *British Journal of Management*, 6(2), 97-114.
- Mills, T. L. og Henretta, J. C. (2001). Racial, ethnic, and sociodemographic differences in the level of psychosocial distress among older Americans. *Research on Aging*, 23(2), 131-152. doi:10.1177/0164027501232001
- Moore, W. H. og Shellman, S. M. (2007). Whither will they go? A global study of refugees' destinations, 1965-1995. *International Studies Quarterly*, 51(4), 811-834. doi:10.1111/j.1468-2478.2007.00478.x
- Niehoff, B. P. og Maciocha, A. (2008). An initial exploration of the cultural adaptation and motivations of immigrant workers in Ireland. *Irish Journal of Management*, 29(1), 19.
- Nolan, E. M. og Morley, M. J. (2014). A test of the relationship between person-environment fit and cross-cultural adjustment among self-initiated expatriates. *International Journal of Human Resource Management*, 25(11), 1631-1649. doi:10.1080/09585192.2013.845240
- OECD.Stat. (2018). *Stock of foreign population by country of birth*. Sótt af https://stats.oecd.org/Index.aspx?DataSetCode=DI0C_CITIZEN_AGE
- Olga Stangej, Inga Minelgaite, Kári Kristinsson og Margrét Sigrún Sigurðardóttir, (2019) "Post-migration labor market: Prejudice and the role of host country education". *Evidence-based HRM: A Global Forum for Empirical Scholarship*, 7(1), 42-55. <https://doi.org/10.1108/ebhrm-03-2018-0019>
- Petersen, W. (1958). A general typology of migration. *American Sociological Review*, 23(3), 256-266.
- Ravasi, C., Salamin, X. og Davoine, E. (2015). Cross-cultural adjustment of skilled migrants in a multicultural

- and multilingual environment: An explorative study of foreign employees and their spouses in the Swiss context. *International Journal of Human Resource Management*, 26(10), 1335-1359. doi:10.1080/09585192.2014.985328
- Ravenstein, E. G. (1885). The laws of migration. *Journal of the statistical society of London*, 48(2), 167-235.
- Reitmanova, S. og Gustafson, D. L. (2009). Mental health needs of visible minority immigrants in a small urban center: Recommendations for policy makers and service providers. *Journal of Immigrant and Minority Health*, 11(1), 46-56. doi:10.1007/s10903-008-9122-x
- Richmond, A. H. (1988). Sociological theories of international migration: The case of refugees. *Current Sociology*, 36(2), 7-25.
- Samnani, A. K., Boekhorst, J. A. og Harrison, J. A. (2012). Acculturation strategy and individual outcomes: Cultural diversity implications for human resource management. *Human Resource Management Review*, 22(4), 323-335. doi:10.1016/j.hrmr.2012.04.001
- Selmer, J. og Lauring, J. (2015). Host country language ability and expatriate adjustment: The moderating effect of language difficulty. *The International Journal of Human Resource Management*, 26(3), 401-420.
- Subramaniam, A., Ramalu, I., Wei, C. C., & Rose, R. C. (2011). The effects of cultural intelligence on cross-cultural adjustment and job performance amongst expatriates in Malaysia. *International Journal of Business and Social Science*, 2(9), 59-71.
- Tworek, K. (2011). Motives of migration and types of migration – the case of Polish emigrants in Iceland. Í Małgorzata Budyta-Budzyńska (ritstjóri), *Integration or assimilation?: Polish immigrants in Iceland* (bls. 65-74). Varsjá: Wydawnictwo Naukowe Scholar.
- Unnur Dís Skaptadóttir (2011). Context of Polish immigration and integration in Iceland. Í Małgorzata Budyta-Budzyńska (ritstjóri), *Integration or assimilation?: Polish immigrants in Iceland* (bls. 206-213). Varsjá: Wydawnictwo Naukowe Scholar.
- Unnur Dís Skaptadóttir og Erla S. Kristjánsdóttir (2017). „Stundum finnst mér þeir horfa á mig eins og ég sé geimvera“: Upplifun flóttakvenna í litlu bæjarfélagi á Íslandi. *Íslenska Þjóðfélagið*, 8(1), 67-80.
- Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir (2010). *Komið til móts við fjölbreytileika: Fullorðinsfræðsla fyrir innflytjendur og samþætting*. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010, Menntavisindasvið Háskóla Íslands.
- Velferðarráðuneytið (2007). Government policy on the integration of immigrants. Sótt af https://www.velferðarraduneyti.is/media/acrobat-enskar_sidur/stefna_integration_of_immigrants.pdf
- Vinnumálastofnun (2018). *Erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði á árunum 2012-2017: Fjöldi erlendra ríkisborgara, erlent vinnuafli, atvinnuleysi meðal útlendinga, veitt atvinnuleyfi, starfsmenn á vegum starfsmanna-leiga og útsendir starfsmenn*. Vinnumálastofnun. Reykjavík, Ísland. Sótt af <https://www.vinnumalastofnun.is/media/2003/erlendir-rikisborgarar-2012-2017-endanlegt.pdf>
- Víkurféttir (2018, 13.11.2018). Vel heppnuð pólsk menningarhátíð í Reykjanesbæ. *Víkurféttir*, 39.
- Weinreich, P. (2009). 'Enculturation', not 'acculturation': Conceptualising and assessing identity processes in migrant communities. *International Journal of Intercultural Relations*, 33(2), 124-139. doi:<https://doi.org/10.1016/j.ijintrel.2008.12.006>
- Wojtyńska, A. (2011). History and characteristic of migration from Poland to Iceland. Í Małgorzata Budyta-Budzyńska (ritstjóri), *Integration or assimilation?: Polish immigrants in Iceland* (bls. 29-42). Varsjá: Wydawnictwo Naukowe Scholar.
- Zlobina, A., Basabe, N., Paez, D. og Furnham, A. (2006). Sociocultural adjustment of immigrants: Universal and group-specific predictors. *International Journal of Intercultural Relations*, 30(2), 195-211. doi:10.1016/j.ijintrel.2005.07.005
- Þorgerður J. Einarsdóttir, Thamar Melanie Heijstra og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2018). The politics of diversity: Social and political integration of immigrants in Iceland. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 14(1), 131-148.
- Þóra Christiansen og Erla S. Kristjánsdóttir (2016). „Veggurinn er alltaf til staðar“: Upplifun háskólamenntaðra innflytjenda af samskiptum og samningsstöðu gagnvart vinnuveitendum. *Íslenska Þjóðfélagið*, 7(1), 5-22.